

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 2
Eyjafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Grímsey. 29. febr.

Með bréfi, dags. 4. júlí f. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu til-
 lögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóð-
 arinnar í Grímsey, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk
 svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Grímsey, sett eftir framangreindum
 lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

Sandvíkurhraun að norðan, Borgarhöfði að sunnan og sýsluvegurinn að austan,
 að öðru leyti sjórinna.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður
 að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl
 hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs
 kostnað, glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin
 eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóranna, um toll af reimhjólum. 3
29. febr.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir úrskurðað, að reim-
 hjól skuli tollast undir nr. 32 í 72. kafla tollskrárinnar og bera því vörumagnstoll
 2 aura af kg og 8% verðtoll.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjóranna, um aðflutningsgjald 4
af kassaefni. 1. marz

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið, að aðflut-
 ningsgjöld af efni í kassa utan um fisk til útflutnings skuli innheimt svo sem um
 almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en svo, að það
 sé sagað niður í hæfilegar lengdir. Tollurinn af kassaefninu verður því: Vöru-
 magnstollur 10 aurar af 1 fet³ og 8% verðtollur.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, um skipt- 5
ingu Borgarsóknar í Mýrprófastsdæmi í tvær sóknir. 13. marz

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og ályktun héraðsfundar Mýrpró-
 fastsdæmis, veitir ráðuneytið hér með, samkvæmt tillögum yðar, háeruverðugi
 herra, í bréfum dags. 22. nóv. f. á. og 12. f. m., og með skírskotun til laga nr. 45
 16. nóvember 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess, að núverandi Borgarsókn
 í Mýrprófastsdæmi skiptist í tvær sóknir, Borgarsókn og Borgarnessókn frá síð-
 ustu áramótum að telja. Nái Borgarnessókn yfir Borgarneskaupþún og Bjarg, en
 Borgarsókn yfir aðra bæi Borgarsóknar.

Að öðru leyti eru sett þau ákvæði um skiptinguna:

1. Að Borgarnessókn hafi afnot af Borgarkirkju til kirkjulegra athafna, svo sem
 fermingu barna, jarðarfara, skírnar og hjónavígslu, þar til kirkja verður reist